

T I L L A G A

til þingsályktunar um fjölda starfa í vígðri þjónustu þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Gísla Jónassyni.

Frsm. Gísli Jónasson.

Kirkjuþing 2020 – 2021 ályktar að fela fjárhagsnefnd kirkjuþings, í tengslum við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022, að vinna að gerð áætlunar um fjölda starfa í vígðri þjónustu þjóðkirkjunnar. Áætlunin taki m.a. til starfa sóknarpresta og presta í prestaköllum, héraðspresta í prófastsdæmum og sérþjónustupresta. Þá verði einnig gert ráð fyrir mannaflapörf vegna námsleyfa og afleysinga í öðrum leyfum.

Ráðningarbann verður áfram í gildi til 1. janúar 2022.

Greinargerð

Ný lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 gengu í gildi 1. júlí 2021. Segir í 1. mgr. 7. gr. laganna: „Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað.“ Í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. segir: „Þjóðkirkjunni ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni.“

Mikill hallarekstur var hjá þjóðkirkjunni árið 2020, halli er enn til staðar á yfirstandandi ári þótt hann hafi væntanlega minnkað töluvert og fyrirsjáanlegur er hallarekstur á næstu árum, verði ekkert að gert. Því er ljóst að grípa verður til ýmissa aðgerða í rekstri kirkjunnar í því skyni að ná jafnvægi í rekstrinum og eru fleiri mál lögð fram á kirkjuþingi 2021-2022 í því skyni. Verulegur hluti útgjalda þjóðkirkjunnar er launa- og starfskostnaður vegna vígðrar þjónustu og því um mikla hagsmuni að ræða. Í þessu máli er lagt til að sett verði fram heildaráætlun um framtíðarfjölda starfa í vígðri þjónustu um land allt. Í því sambandi verði leitað allra leiða til hagræðingar og endurskoðunar skipulags og mönnunar þar sem við á, en þó þannig að gætt sé framangreindrar lögboðinnar þjónustuskyldu. Í fylgiskjali með máli þessu er gerð nánari grein fyrir helstu forsendum, m.a. um hversu mörgum stöðugildum presta er gerlegt að halda úti miðað við þær tekjur sem kirkjan hefur samkvæmt viðbótarsamningi ríkis og kirkju frá 6. september 2019. Er talið, miðað við þær

forsendur, að unnt sé að halda úti u.þ.b. 135 stöðugildum, en í dag eru þau u.þ.b. 145. Einnig er gerð grein fyrir helstu aðgerðum sem grípa má til en þær eru helstar fækkun presta á tilteknum stöðum og sameining prestakalla þar sem ná má fram hagræði. Þó er þörf á fjölgun presta sums staðar einkum þar sem hröð og mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur átt sér stað og er gerð nánari grein fyrir því í fylgiskjalinu. Í ýmsum tilvikum er unnt að fækka stöðugildum þegar prestar láta af störfum, eftir atvikum með tilfærslu vígðra þjóna milli starfa, svo sem almennt er heimilt, sbr. t.d. 4. gr. starfsreglna um ráðningu í prestsstörf nr. 144/2016, með síðari breytingum. Þá er rétt að farið verði yfir það þjónustuframboð í sérþjónustu sem til staðar er í dag og það eftir atvikum endurskoðað svo og útfærsla sömuleiðis ef það má verða til aukinnar hagræðingar.

Lagt er til að ráðningarbann það sem aukakirkjuþing 2021 samþykkti að sett yrði á til 1. nóvember 2021, gildi áfram til 1. janúar 2022, svo svigrúm gefist til að ljúka fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, án þess að stofnað sé til nýrra launaútgjalda eða áframhaldandi launaútgjalda, nema fjárheimild sé til staðar. Í því sambandi er bent á að kirkjuþing 2021-2022, kemur væntanlega saman til fundar í nóvember mánuði nk. Gæti þingið þá veitt undanþágur frá ráðningarbanni ef brýna nauðsyn þætti bera til.

Eðli málsins samkvæmt verður áætlun um fjölda starfa í vígðri þjónustu kirkjunnar stöðugt til endurskoðunar og er rétt að hún fylgi fjárhagsáætlun hvers árs í framtíðinni.

Meðfylgjandi er fylgiskjal sem fjallar um tillögur um hagræðingu í mannahaldi þjóðkirkjunnar sem ná má fram með breytingum á prestakallaskipan o.fl.

Tillögurnar hafa verið unnar á undanförunum mánuðum af sr. Gísla Jónassyni, formanni fjárhagsnefndar kirkjuþings og Guðmundi Þór Guðmundssyni, þáverandi skrifstofustjóra biskupsstofu, núverandi lögfræðingi kirkjuþings, með umboði frá biskupi Íslands.